

Umsögn skipulagsfulltrúa – Íbúðarhverfi við Elliðavog - (fsp) Breyting á deiliskipulagi - Sæviðarsund 100 - USK24070270

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. ágúst 2024 var lögð fram fyrirspurn Freys Frostasonar, dags. 24. júlí 2024, um breytingu á deiliskipulagi Íbúðarhverfis við Elliðavog vegna lóðarinnar nr. 100 við Sæviðarsund sem felst í stækkun hússins, samkvæmt uppdr. THG arkitekta, dags. 9. september 2022, br. 5. júlí 2024.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd tekin af ja.is, framhlið



Götumynd tekin af ja.is, horft inn í garð og á bakhlið hússins

Skipulag í gildi


Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin við Sæviðarsund 100 borgarhluta 4 Laugardalur og er á skilgreindu íbúðasvæði, ÍB25 Sund.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu og þarf því að grenndarkynna allar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.

Umsögn

Húsið við Sæviðarsund 100 er einlyft einbýlishús byggt árið 1967 skv. fasteignaskrá. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að bæta við 35-40 m² viðbyggingu á vesturhlið hússins. Stærð hússins í núverandi mynd er 138 m² og yrði því um 176 m² með viðbyggingu. Nýtingarhlutfall lóðarinnar í dag er 0.16 en með viðbyggingu yrði það um 0.2.

Vestan megin í Sæviðarsundi er skipulag lóða þannig að lóðir við Sæviðarsund 104, 100, 96, 92, 88 og 84 eru allar 863 m³. Nýtingarhlutfall þeirra lóða í dag er á bilinu 0.16-0.23.



Grunnmynd af húsinu með fyrirhugaðri viðbyggingu.

Niðurstaða

- ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að heimila viðbyggingu við Sæviðarsund 100
- grenndarkynna þarf erindið þegar sótt hefur verið um byggingarleyfi

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur,

Birgitta Rut Skúláð. Hjörvar

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.